

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Deiliskipulag miðbæjar, svæði I og II.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 6. desember 2012 eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Garðabæjar, svæðis I og II (efra svæði).

Breytingin nær til lóðanna: Garðatorg 1, 3 og 5 og Hrísmóar 2. Einnig til óbyggðra lóða Garðatorg 2, 4, 5a og 6 og Hrísmóar 15, 17 og 19. Meginmarkmið breytingarinnar er að laga sig að breyttum forsendum miðbæjarsvæðisins. Lögð er áhersla á að sú framtíðarsýn, sem gildandi deiliskipulag byggir á, haldist óbreytt. Áfram er stefnt að styrkingu Garðatorgs sem miðbæjarkjarna Garðabæjar. Með öflugri verslun og þjónustu í bland við aukið framboð íbúða á svæðinu, mun Garðatorg efla bæjarbrag og mannlíf í Garðabæ.

Breytingin gerir m.a. ráð fyrir því að núverandi bygging við Garðatorg 1 muni standa áfram og að hámarksbyggingarmagn nýbygginga ofanjarðar í gildandi deiliskipulagi muni minnka úr 28.650 m² í 22.050 m² og fjöldi nýrra íbúða úr 160 í 120. Form og lega byggingarreita og hámarkshæðir taka einnig breytingum.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Garðabæ, 17. janúar 2013.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 31. janúar 2013